

Skýrsla um starfsemi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar 1970-1971
Pjskjs. Skjalasafn Menntamálaráðuneytisins, afh. 1989 B/1502

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Hæli, 1. febr. 1971

Hérmeð fer stjórn Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar þess á leit við hið háa ráðuneyti, að því verði veittur styrkur til starfsemi sinnar af þeirri upphæð, sem á fjárlögum 1971 er ætluð til héraðsskjalasafna þegar því fé verður úthlutað.

Skjalasafninu hefur nú verið komið fyrir í góðu húsi í Borgarnesi, sem keypt var og útbúið fyrir það ásamt Héraðsbókasafni Borgarfjarðar og Byggðasafni Borgarfjarðar. Skv. bráðabirgðauppgjöri um sl. áramót, er kostnaður við húsið um kr. 3.200.000. -, þar af áætlaður hlutur héraðsskjalasafnsins ca. kr. 550.000.-. Er þá meðtalinn kostnaður vegna kaupa á hillum og skápum. Nokkuð vantqar á að lokið sé frágangi hússins og húsmuni vantar tilfinnanlega. Má áætla að hlutur skjalasafnsins verði alls um kr. 750.000.-.

Ari Gíslason, fv. kennari og fræðimaður vann á sl. ári, eins og að undanfögnu, að því að safna skjölum, myndum og öðrum plöggum til safnsins og annaðist að nokkru leyti flutning safnsins í hið nýja húsnaði og röðun þess þar.

Frá 1. sept. sl. var ráðinn starfsmaður til að annast vörzlu allra safnanna, sem í safnahúsinu eru, og var gert ráð fyrir að fyrst um sinn ynni hann sem svaraði til helmings fulls vinnutíma. Hlutur skjalasafnsins í launagreiðslum er 15%. Safnvörður hefur annast röðun að nokkru og skrásetningu, og að einhverju leyti aðdyttun safngagna. Skrásetningu og viðgerðum er þó hvergi nærri lokið og á það einkum við hið síðarnefnda, því að þar er mikið og kostnaðarsamt verkefni óunið.

Stjórn safnsins væntir þess, að sakir hinna miklu verkefna, sem það hefur ráðist í að leysa, og eru að sumu leyti óunnin enn, hljóti það eins háan styrk og ástæður leyfa.

Virðingarfyllt
F.h. Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar
Ingimundur Ásgeirsson (sign.)

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.